Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 22. maí 2026.
*Málsnr. 2502015*
*HH/PBG*

**Efni: Álag í skólastarfi – ástæður og úrbætur.**

Á 627. fundi stjórnar SSH, hinn 4. maí 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

> **2502015 - Álag í skólastarfi - ástæður og úrbætur - Sóknaráætlun 2025**
>
> *Drög að skýrslu um "Álag í skólastarfi - Ástæður og úrbætur" sem var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2025 liggja fyrir. Á 625. fundi var skrifstofu SSH falið að senda skýrsludrögin til Skólamálanefndar SSH til frekari umræðu og yfirferðar á mögulegum tillögum og aðgerðum á grundvelli þess sem þar kemur fram. Drög að tillögum skólamálanefndar, dags. 4. maí 2026, um forgagnsröðun tillagna um úrbætur liggja nú fyrir.*
>
> ***Niðurstaða fundar:***
> *Formanni skólamálanefndar í samráði við skrifstofu SSH, er falið að vinna áfram að fyrirliggjandi drögum að tillögum um forgangsröðun og taka samtal um þau við skýrsluhöfunda. Er fulltrúum í skólamálanefnd falið að undirbúa kynningu skýrslunnar og fyrirliggjandi tillagna á vettvangi aðildarsveitarfélaganna í maí.*

Í skýrslunni, sem hefur nú verið kynnt fyrir skólastjórnendum á svæðinu og birt á heimasíðu SSH, eru settar fram tillögur til úrbóta í skólastarfi með áherslu á að draga úr álagi meðal starfsfólks í grunnskólum. Skólamálanefnd SSH hefur jafnframt tekið skýrsluna til umræðu og lagt mat á mögulegar tillögur um áframhaldandi vinnu. Nefndin hefur jafnframt forgangsraðað þeim tillögum sem þykir brýnt að sveitarfélögin sameiginlega og skólastjórnendur hefji vinnu við.

Er skýrslan ásamt minnisblaði skólamálanefndar SSH hér með send aðildarsveitarfélögunum til kynningar á vettvangi þeirra. Sé óskað frekari upplýsinga eða kynningar á framangreindu skulu beiðnir þess efnis berast undirrituðum í netfangið pallbg@ssh.is eða í síma 8218179, eða Hönnu Borg Jónsdóttur verkefnastjóra svæðisbundins farsældarráðs á höfuðborgarsvæðinu í netfangið hannaborg@ssh.is.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

1. *Starfsumhverfi í grunnskólum, álag, ástæður og úrbætur. Skýrsla, mars 2026.*
2. *Minnisblað Skólamálanefndar SSH, maí 2026.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026